

**Ed.                    370. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga    [170. mál]**  
um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo: Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og

hafa ríkisborgararétt hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 22. apríl s. l. samþykkti Alþingi svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kys sér sjálf formann.

Nefndin skal skila álitum svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966.“

Hinn 5. maí s. á. kaus Alþingi í framangreinda nefnd og hóf hún störf sín í júníbyrjun og hefur nú skilað álitum, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpinu, þar sem segir m. a.: „Er það sammæli nefndarinnar, að rétt sé að hverfa að því að lækka kosningaaldur til alþingiskosninga og annarra almennra kosninga frá því sem nú er. Skiptar skoðanir voru hins vegar um það innan nefndarinnar, hve langt ætti að ganga í þessu efni, en nefndin er þó sammála um það, að mæla með því, að hann verði á þessu stigi lækkaður um eitt ár eða niður í 20 ár.“

Einnig þykir rétt, að felld sé úr gildi ákvæði 33. greinar stjórnarskrárinnar um fimm ára búsetu í landinu, en ákvæði þetta var sett á meðan réttarstaða Íslands var önnur en nú og á ekki lengur við.

Þá þykir og rétt, að felld sé niður 2. mgr., þar sem hún hefur enga þýðingu lengur.

#### Fylgiskjal.

Álit millipinganefndar um lökkun kosningaaldurs.

Hinn 22. apríl s. l. samþykkti Alþingi svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kys sér sjálf formann.

Nefndin skal skila álitum svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966.“

Hinn 5. maí s. á. kaus Alþingi í framangreinda nefnd þá:

Hákon Guðmundsson, yfirborgardómara,

Björn Fr. Björnsson, sýslumann,

Ragnhildi Helgadóttur, lögfræðing,

Óla Þ. Guðbjartsson, kennara,

Örlyg Hálfðánarson, skrifstofumann,

Ragnar Arnalds, alþingismað, og

Björn Friðfinnsson, lögfræðing.

Nefndin hóf störf sín hinn 3. júní s. l. Var Hákon Guðmundsson kosinn formaður, en Björn Friðfinnsson ritari. Ákveðið var og, að jafnframt því, sem aflað væri innlendra gagna, væri og rétt að kanna, hvaða aldurs væri krafizt í nálægum löndum að því er varðaði kosningarrétt og lögræði.

## I.

Um kosningarrétt og lögræðisaldur gilda erlendis þessar reglur.

### 1. Á Norðurlöndum.

Í Danmörku er kosningaaldur bundinn við 21 árs aldur, og verður honum að núgildandi lögum aðeins breytt með samþykki kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lögræðisaldur miðast þar einnig við 21 árs aldur.

Í Noregi öðlast menn einnig kosningarrétt við 21 árs aldur, samkvæmt ákvæðum stjórnskipunarлага, og þarf því stjórnarskrárbreytingu, ef hverfa á frá því aldurstakmarki.

Lögræðisaldur í Noregi er bundinn við 21 árs aldur.

Í Svíþjóð hefur kosningaaldur verið lækkaður í 20 ár með lögum frá 3. des. 1965, en hann var áður 21 ár.

Lögræðisaldur í Svíþjóð er hins vegar enn bundinn við 21 árs aldur, en sænsku lögræðislögin eru nú í endurskoðun og er eigi enn vitað, hver verður niðurstaða þeirrar endurskoðunar.

Í Finnlandi öðlast menn kosningarrétt við 21 árs aldur.

Lögræðisaldur er þar hinn sami.

Á Norðurlöndum hafa orðið töluverðar umræður um það, hvort lækka bæri kosningaaldurinn. Kom mál þetta til umræðu á þingi Norðurlandaráðs árið 1964 að tilhlutan 5 finnskra fulltrúa úr þremur stjórnsmálaflokkum (Social demokratiska partiet, Finlands folkparti og Demokratiska förbundet for Finlands folk). Meiri hluti nefndar þeirrar (juridíska niomanna komittén), sem um málið fjallaði, lagði til, að ekki yrði gerð nein ályktun um málið, en minni hlutinn (2 nefndarmenn) sænskir (úr Socialdemokr. og Folkpartiet) mæltu með því, að ríkisstjórnir Norðurlanda athuguðu hver fyrir sig möguleika á því að lækka kosningaaldurinn og yrði lögræðisaldurinn þá einnig athugaður í því sambandi.

Á þingi Norðurlandaráðs 1965 lá fyrir umsögn ríkisstjórna þeirra, er hlut áttu að máli. Danska stjórnin (innanríkisráðuneytið) kvaðst með hliðsjón af því, að kosningaaldurinn hefði með þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1961 verið lækkaður úr 23 árum í 21 ár, ekki sjá ástæðu til að athuga sérstaklega, hvort lækka ætti kosningaaldur meira, en teldi rétt að bíða eftir úrslitum þeirra athugana, sem fram færu í hinum norrænu löndunum.

Finnska stjórnin (dómsmálaráðuneytið) skýrði frá því, að kosningaaldurinn hefði árið 1944 verið lækkaður í 21 ár. Frá þeim tíma hefðu komið fram margar tillögur um að lækka kosningaaldurinn niður í 18 ár. Stjórnlaganefnd finnska þingsins hefði þá ávallt vísað þessum tillögum á bug með þeim rökum, að það væri óeðlilegt, að fólk, sem ekki hefði náð lögræðisaldri, fengi kosningarrétt. Var það afstaða finnska dómsmálaráðuneytisins, að taka þyrfti lökkun lögræðisaldursins til yfirvegunar, áður en horfið væri að því að lækka kosningaaldurinn.

Norska stjórnin (dómsmálaráðuneytið) lýsti því, að meiri hluti nefndar, sem skipuð hefði verið 1961, hefði í júní 1964 mælt með því, að kosningaaldurinn yrði lækkaður í 20 ár. Hefði ríkisstjórnin álit nefndarinnar til yfirvegunar og mundi á sínum tíma senda það til þingsins.

Af gögnum þeim, sem fyrir hendi voru á þingi Norðurlandaráðs árið 1964, kemur það fram um afstöðu norskra stjórnsmálaflokka, að tveir þeirra, Socialistisk folkeparti og Norges kommunistiske parti, hafa mælt með lökkun kosningaaldurs, en að aðrir stjórnsmálaflokkar þar hafi ekki þá tekið afstöðu til málsins. Nú liggja fyrir norska þinginu tvær tillögur um lökkun kosningaaldurs. Mun önnur tillagan gera ráð fyrir lökkun í 20 ár en hin í 18 ár. Ekki er gert ráð fyrir, að þingnefnd sú, er um málið fjallar, skili álitum fyrir en í vor og kemur málið þá ekki til afgreiðslu í norska þinginu fyrr en á næsta ári.

Í Svíþjóð hefur kosningaaldur þegar verið lækkaður í 20 ár svo sem áður segir.

## 2. Önnur lönd.

Um kosningaaldur í öðrum löndum má geta þess, að í Hollandi er hann 23 ár. Í Bretlandi, Frakklandi, V.-Þýzkalandi, Sviss, Ítalíu, Belgíu og Luxemborg miðast hann við 21 árs aldur. Í Sovétríkjunum og öðrum A.-Evrópuríkjum öðlast menn kosningarrétt, er þeir verða 18 ára. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku fer það nokkuð eftir einstökum ríkjum, hvenær menn öðlast kosningarrétt, en almennt miðast hann við 18—21 ár. Lægstur mun hann vera í Georgíu og Kentucky, en í síðarnefnda ríkinu var hann árið 1965 lækkaður úr 21 ári í 18 ár. Þá mun nú hafa komið fram á löggjafarþingi Bandaríkjanna tillaga þess efnis, að kosningaaldur við forsetakjör miðist við 18 ára aldur.

### II.

Um réttindi, sem bundin eru við tiltekinn aldur hér á landi, þykir rétt að geta eftirfarandi atriða.

#### a) Kosningaaldur.

Ákvæði um skilyrði til kosningarréttar til Alþingis hafa hér á landi verið í stjórnarskránni allt frá því, er Ísland fékk fyrst stjórnarskrá árið 1874. Samkvæmt henni var kosningarréttur bundinn við 25 ára aldur auk annarra skilyrða svo sem um tiltekinn efnahag. Giltu sömu reglur í þessu tilliti í öllu verulegu til ársins 1915. Með stjórnskipunarlögum, sem sett voru það ár, var kosningarrétturinn rýmkadur verulega. Aldurstakmarkið hélzt þó hið sama og verið hafði, en konur og hjú fengu nú fyrst kosningarrétt til Alþingis með þeim takmörkunum þó, að réttur til kosningar miðaðist í fyrstu við 40 ára aldur, en skyldi lækka um eitt ár í senn næstu 15 ár unz hann væri kominn niður í hinn almenna kosningaaldur 25 ár. Með stjórnarskránni frá 1920 var hið sérstaka aldurstakmark kvenna og hjúa fellt niður og var kosningaaldur allra þá hinn sami. Stóð svo til 1934 en þá var kosningaaldur allra færður niður í 21 árs aldur og hefur staðið við það síðan, en áður, árið 1929, var kosningaaldur til sveitarstjórnarkosninga, sem ekki er bundinn ákvæðum stjórnarskrárinnar, lækkaður í 21 ár. Er kosningarréttur til Alþingis nú samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 bundinn við 21 árs aldur. Verður því aldurstakmarki ekki haggð nema með stjórnarskrárbreytingu.

#### b) Lögræðisaldur.

Með lögum nr. 60/1917 var lögræðisaldur ákveðinn 21 árs aldur, en til þess tíma giltu þær reglur, að menn urðu hálfmyndugir 18 ára, en eigi fullráða fyrr en við 25 ára aldur. Lög nr. 60/1917 geymdu þó þá undantekningu frá 21 árs lögræðismarkinu, að ekkjur og fráskildar konur urðu lögráða, þótt þær hefðu eigi náð 21 árs aldri.

Árið 1947 voru sett ný lög um lögræði, nr. 95/1947. Eigi urðu þá aðrar breytingar á lögræðisaldri en þær, að giftir menn, karlar og konur, undir 21 árs aldri urðu nú lögráða, en áður náði það ákvæði, eins og sagt var, aðeins til ekkna og fráskildra kvenna.

#### c. Hjúskaparaldur.

Samkvæmt lögum nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar er bannað að vígja yngri karlmann en 21 árs og konur yngri en 18 ára nema með leyfi stjórnarráðsins. Séu hjónaefni yngri en 21 árs þarf samþykki foreldris, nema það hjónaefni, er hlut á að máli, hafi áður verið gift.

Aldurs hjónaefna, sem gefin hafa verið saman árin 1951—1965, er nánar getið síðar.

### III.

Nokkrar umræður hafa hin síðari ár orðið um það hér á landi, hvort ekki væri ástæða til þess að lækka kosningaaldurinn, og árið 1963 samþykkti flokks-

þing Alþýðuflokksins að beita sér fyrir því, að kosningaaldur yrði lækkaður niður í 18 ár. Ekki verður séð, að aðrir stjórnmalaflokkar hérlendir hafi tekið þetta atriði í stefnuskrá sína eða gert um það beinar samþykktir.

Á Alþingi 1965 fluttu nokkrir alþýðuflokksmenn þingsályktunartillögu þess efnis, að Alþingi hlutaðist til um, að gerð yrði athugun á því, hvort ekki væri tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur. Í sambandi við meðferð þess máls á Alþingi leitaði þingnefnd sú, er um málið fjallaði, áhlits eftirtaldrá aðilja:

1. Sambands ungra sjálfstæðismanna,
2. Sambands ungra jafnaðarmanna,
3. Sambands ungra framsóknarmanna,
4. Æskulýðsfylkingarinnar,
5. Íslenzkra ungtemplara og
6. Sambands bindindisfélaga í skólum.

Afstaða ofangreindra félagssamtaka var þessi:

S. U. S. lýsti sig meðmælt því, að athuguð yrði lækkingun kosningaaldurs niður í 18 ár, en benti jafnframt á, hvort ekki væri tímabært, að samtímis færi fram athugun á öðrum lágmarksaldursákvörðunum svo sem lögræðisaldri.

S. U. J. kvað lækkingun kosningaaldurs í 18 ár hafa verið stefnuskráratriði samtakanna frá því á árinu 1960.

S. U. F. taldi tímabært, að fram færi athugun á lækkingun kosningaaldurs og þá einnig á þjóðfélagsstöðu ungs fólks t. d. að því er varðaði lögræðis- og hjúskaparaldur og önnur sambærileg réttindi, sem nú væru almennt miðuð við 21 árs aldur.

Þá hvöttu þessi samtök til þess, að leitað yrði áhlits æskufólks á aldrinum 18—21 árs á þessum atriðum með þjóðaratkvæðagreiðslu innan þessara aldursárganga.

Æskulýðsfylkingin — samband ungra sósíalísta — kvað það yfirlýsta stefnu sína, að lækka bæri kosningaaldurinn niður í 18 ár og taldi, að jafnframt bæri að lækka önnur aldurstakmörk svo sem lögræðis- og gíftingaraldur.

Íslenzkir ungtemplarar kváðu skoðanakönnun, sem fram hefði farið innan þessara félagssamtaka, hafa leitt í ljós, að unga fólkið teldi sig ekki dómbært um stjórnmal um 18 ára aldur og fáir óskuðu eftir breytingu um lækkaðan kosningaaldur. Kváðust samtökin ekki að svo stöddu sjá sérstaka ástæðu til þess að mæla með samþykkt um 18 ára kosningaaldur. Stjórn sambands bindindisfélaga í skólum lýsti sig andvíga því, að kosningaaldur yrði færður úr 21 ári niður í 18 ár. Var sú afstaða studd þeim rökum, að fólk milli 18 og 20 ára aldurs hefði vart náð þeim andlega þroska, sem þarf til að mynda sér ákveðnar stjórnmalaskoðanir. Mætti og búast við því, að niðurfærsla á kosningaaldri verkaði sem andleg þvingun á marga vegna þess, að stjórnmalaflokkarnir mundu eftir megni reyna að ná tökum á þessu unga fólki.

Nefndin hefur ekki talið ástæðu til þess að leita á ný áhlits nefndra félagssamtaka, þar sem svo skammt er liðið frá því, er þau gáfu framangreindar yfirlýsingar um afstöðu sína til þess máls, sem hér er fjallað um.

Leitað var eftir því af hálfu nefndarinnar, hvort tiltækar væru skýrslur um hlutdeild fólks á aldrinum 18—20 ára í tekjuöflun þjóðfélagsins. Sú athugun leiddi í ljós, að þetta væri að vísu mögulegt, en að sú úrvinnsla úr opinberum skýrslum, er framkvæma þyrfti í því skyni, mundi verða mikið verk og kostnaðarsöm. Var því frá því horfið, að leggja út í nefnda könnun.

Hins vegar kannaði nefndin tölur um aldur fólks, sem gengið hefur í hjónaband á árunum 1951—1965. Úr þeirri könnun skal þessa getið:

Af 1139 hjónaböndum árið 1951 voru 11 brúðgumar innan 20 ára en 34 á 21. ári. Brúðgumar alls innan 21 árs ca. 4% af heildartölu brúðguma.

Af 1336 hjónaböndum árið 1956 voru 29 brúðgumar yngri en 20 ára, en 63 á 21. aldursári. Hlutfallstala brúðguma innan 21 árs aldurs varð því það ár ca. 7%.

Af 1309 hjónaböndum árið 1960 voru 31 brúðgumi innan 20 ára en 75 á 21. ári eða ca 8% af heildartölu brúðguma, en árið 1965 er tala hjónabanda 1560, voru 117 brúðgumar innan 20 ára, en 141 á 21. ári. Hlutfallstala brúðguma innan 21 árs aldurs varð því það ár 16.5%.

Þessar tölur leiða í ljós, að hlutfallstala karlmanna undir 21 árs aldri, er ganga í hjónaband, hefur þannig farið mjög hækkandi undanfarin ár. Svipað er að segja um giftingaraldur kvenna, en af 1139 hjónaböndum árið 1951 voru 330 brúðir innan 21 árs eða 29%. Af 1336 hjónaböndum árið 1956 eru 397 brúðir innan 21 árs eða 29.5%. Árið 1960 eru brúðir á sama aldri 447 í 1309 hjónaböndum eða ca. 34% og 1965 eru hjónabönd 1560, en tala brúða undir 21 árs aldri 671 eða ca. 43%.

#### IV.

1. Framangreindar tölur sýna, að hundraðshluti þess fólks, sem gengur í hjónaband innan 21 árs aldurs, hefur farið síhækkandi s. l. 15 ár. Verða því stöðugt fleiri karlar og konur lögráða án þess þó að hafa náð lögræðisaldri, 21 árs aldri, og öðlast þannig þá lífsaðstöðu og það athafnafrelsi, sem fullum fjárráðum fylgir.

Þá er og vitað, þótt eigi séu um það tölur á reiðum höndum, að fólk innan 21 árs aldurs kemur nú á ýmsum sviðum fyrir til starfa og tekur mun virkari þátt í þjóðarþáttum en áður. Hefur það því meira fé handa á milli til ráðstöfunar en áður var.

Þessari aðstöðu fylgja meiri umsvif af þess hálfu og aukin sjálfstæðistilfinning, en í kjölfar hennar kemur að ýmsu leyti meiri þroski og þrá til athafna og þá einnig ríkari hneigð til þess, að gera sér grein fyrir stefnum og straumum í viðhorfum og viðfangsefnum daglegs lífs og þjóðmálum almennt. Er réttmætt að gera ráð fyrir því, að það mundi stuðla að aukinni ábyrgðartilfinningu og auknum þroska, ef hið unga fólk fengi rétt til þeirrar hlutdeildar um þjóðmál, sem kosningarréttur til alþingiskosninga og annarra almennra kosninga veitir.

Þegar þetta er metið verður þó einnig að hafa í huga, að á aldrinum 18—20 ára er fólk enn þá mjög á mótunarskeiði og sveiflast meira milli andstæðra viðhorfa en síðar, er það nær meiri sálrænum þroska. Má í þessu sambandi hafa í huga að því er þátttöku í stjórnmálum varðar, að á nefndum aldri hefur fólk nú þá aðstöðu, að geta starfað innan stjórnmálaflokka, sem það oft gerir af miklum áhuga og dugnaði, án þess þó að verða fyrir því álagi, sem fylgir nútíma kosningabaráttu andstæðra stjórnmálaflokka, er þeir leita eftir fylgi atkvæðisbærra manna, en gera má ráð fyrir því, að flokkarnir leitist eigi síður við að afla sér fylgis meðal þeirra, sem kjósa í fyrsta sinn, en hinna, sem eldri eru.

2. Til glöggvunar á því, hvaða kjósendafjölgun það mundi valda, ef horfið yrði að lækkun á kosningaaldri, hefur nefndin fengið eftirfarandi yfirlit frá Hagstofu Íslands:

Tala þeirra, sem verða 18—21 árs árin 1970, 1971 og 1972.

Verða:	1970			1971			1972			1970—1972		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
18 ára	3 935	2 060	1 875	4 164	2 154	2 010	4 193	2 171	2 022	12 292	6 385	5 907
19 ára	3 878	1 920	1 958	3 935	2 060	1 875	4 164	2 154	2 010	11 977	6 134	5 843
20 ára	3 918	2 069	1 849	3 878	1 920	1 958	3 935	2 060	1 875	11 731	6 049	5 682
21 árs	3 705	1 924	1 781	3 918	2 069	1 849	3 878	1 920	1 958	11 501	5 913	5 588
	15 436	7 973	7 463	15 895	8 203	7 692	16 170	8 305	7 865	47 501	24 481	23 020

Aths. Hér er um að ræða árganga 1949—52, eins og tala einstaklinga í þeim var samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1965. Ekki er gerð tilraun til að áætla breytingar vegna millilandaflutninga og dauðdaga fram til 1970—72, enda geta þær ekki skipt miklu máli.

3. Þegar litið er til framangreindra atriða og annarra viðhorfa, er það sam-  
mæli nefndarinnar, að rétt sé að hverfa að því að lækka kosningaaldur til alþing-  
iskosninga og annarra almennra kosninga frá því sem nú er. Skiptar skoðanir  
voru hins vegar um það innan nefndarinnar, hve langt ætti að ganga í þessu efni,  
en nefndin er þó sammála um það, að mæla með því, að hann verði á þessu stigi  
lækkaður um eitt ár eða niður í 20 ár.

Þar sem 33. gr. stjórnarskrárinnar bindur kosningarrétt til Alþingis við 21  
árs aldur, verður honum ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingu. Ef horfið  
yrði að því ráði að lækka kosningaaldurinn, gæti verið um fleiri en eina leið að  
velja og bendir nefndin í því sambandi á þessa möguleika:

a) að breyta ákvæðum 33. gr. stjórnarskrárinnar í það horf, að miða við  
ákvæðinn aldur, t. d. 20 ár.

b) að láta nógildandi aldursákvæði 33. gr. stj. skr. standa óbreytt, en taka  
upp í hana ákvæði þess efnis, að breyta megi aldursmarkinu með lögum þannig, að  
lækka megi kosningaaldurinn í 20, 19 eða 18 ár eftir því, hvað stjórnarskrárgjafinn  
vildi veita almenna löggjafanum mikið svigrúm til lækkunar. Mætti þá einnig, ef  
ástæða þætti til, krefjast tiltekins meiri hluta í hvorri þingdeild til þess að breyting  
næði fram að ganga. Þessi aðferð mundi opna greiðari leið til breytinga á kos-  
ningaaldrinum, ef nægur meiri hluti á Alþingi væri fyrir slíkri breytingu. Þyrfti þá  
ekki heldur nú þegar að stíga fullt spor til lækkunar, en möguleiki til hennar  
væri fyrir hendi án stjórnarskrárbreytingar, þá er tilskilinn meiri hluti Alþingis  
teldi efni standa til þess, að kosningaaldri yrði breytt.

Í sambandi við breytingu á aldursákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar vill nefnd-  
in vekja athygli á því, hvort eigi væri réttlátt, að þeir, sem næðu tilskildum aldri á  
því ári, er kosning fer fram, fengju rétt til þess að kjósa, þótt þeir hefðu eigi á  
kosningardegi náð fullum aldri.

Eigi var þó innan nefndarinnar samstaða um það, hvora þessara leiða skyldi  
velja, er breyting væri gerð, né heldur um það, hve viðtæka heimild almenni lög-  
gjafinn ætti að fá til breytingar á aldursákvæðum stjórnarskrárinnar, ef síðari leið-  
in væri valin.

## V.

Það er áður rakið, að samkvæmt nógildandi lögum fer kosningaaldur og lög-  
ræðisaldur saman, þannig að hvor tveggja er miðaður við 21 árs aldur nema í þeim  
frávikum þar sem maður verður lögráða innan 21 árs aldurs, þ. e. giftir karlar  
og konur yngri en 21 árs.

Lögræði er samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar eitt af þeim skilyrðum, sem  
þar eru sett fyrir kosningarrétti. Yrði kosningaaldur lækkaður, þyrfti því jafnframt  
að gera eitt af tvennu, að fella niður það skilyrði eða lækka lögræðisaldurinn að  
sama skapi.

Nefndin telur sig eigi hafa aðstöðu til þess að tjá sig fræðilega um öll þau til-  
vik, sem til álita koma, þegar meta skal einstök atriði, sem að lögræðisaldri lúta.  
En almennt séð er það álit nefndarinnar, að eigi séu annmarkar á því að lækka  
lögræðisaldur nú þegar um eitt ár og liggja til þeirrar niðurstöðu í höfuðatriðum  
sömu rök og færa má fram því til stuðnings, að kosningaaldur sé lækkaður, enda  
verður að telja það eðlilegt, að um kosningaaldur til Alþingis og annarra almennra  
kosninga og um lögræðisaldur gildi að vissu marki í meginatriðum sömu aldurs-  
reglur, ef lögræði er gert að skilyrði fyrir kosningarrétti. Þyrfti því að breyta ald-  
ursákvæðum laga nr. 95/1947 um lögræði, ef að því yrði horfið, að lækka kosn-  
ingaaldurinn, en lögræðisskilyrðinu haldið.

## VI.

Af framangreindum tölum um aldur þess fólks, sem í hjónaband gengur, sést,  
að hlutfallstala brúðhjóna undir 21 árs aldri fer síhækkandi. Með hliðsjón af þeirri

staðreynd sem og þeim rökum, sem að framan eru greind því til stuðnings, að kosningaaldur sé lækkaður, telur nefndin gild rök hniga að því, að breytingar verði gerðar á ákvæðum laga nr. 39/1921 um giftingaraldur í þá átt, að giftingaraldursmark karla verði lækkað úr 21 ári í 20 ár og að hjónaefni, sem náð hafa 20 ára aldri, þurfi ekki samþykki foreldris til að mega ganga í hjónaband.

#### VII.

Þar sem sérstök nefnd, Áfengismálanefnd, sem kosin var af Alþingi, hefur fjallað um áfengismál, þar á meðal um áfengisneyzlu ungs fólks og gert um þau mál mikla skýrslu, hefur þessi nefnd ekki talið ástæðu til þess að kanna sérstaklega, hvort ástæða sé til breytinga á þeim lagaákvæðum, sem fjalla um aldursskilyrði til kaupa á áfengi, eða þeim aldursskilyrðum öðrum, sem varða meðferð áfengis.

Reykjavík, 9. febrúar 1967.

Hákon Guðmundsson.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Björn Fr. Björnsson.

Órlygur Hálfánarson.

Björn Friðfinnsson.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ragnar Arnalds.